



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
b.t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavíkflugvelli, 29. febrúar 2012

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1998 um loftferðir, með síðari breytingum (349. mál)

Icelandair Group hf., ásamt dótturfélögum (hér eftir Icelandair Group), þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem ætlað er að breyta lögum nr. 60/1998 um loftferðir.

Icelandair Group hefur eftirfarandi athugasemdir við tilvitnaðar greinar frumvarpsins:

15. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að Flugmálastjórn verði heimilt að áskilja að *fyrirsvarsmenn* flugrekanda sanni kunnáttu sína og hæfni með sérstakri próftöku eða annarri viðurkenndri aðferð sem stofnunin ákveður. Í athugasemdum um greinina í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í raun er með orðinu fyrirvarsmaður átt við eftirtalda aðila: ábyrgðarmaður, gæðastjóri, yfirmaður flugöryggismála, flugrekstrarstjóri, tæknistjóri, yfirmaður þjálfunar og yfirmaður starfsemi á jörðu niðri.

Í ljósi lagasamræmis verður þessi orðnotkun að teljast óheppileg. Í lögum er með orðinu fyrirvarsmaður yfirleitt átt við forstjóra, framkvæmdastjóra eða stjórnarformann fyrirtækis. Í þessu samhengi má t.d. nefna 4. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Jafnframt ber að hafa í huga að próftaka sú, sem mælt er fyrir um í ákvæðinu, er íþyngjandi fyrir viðkomandi aðila og því væri réttara að tilgreina sérstaklega þau starfsheiti sem falla hér undir í stað þess að íþyngjandi aðgerðum verði hugsanlega beitt á grundvelli almenns ákvæðis.

16. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að ábyrgð flytjanda á tjóni sem orsakast af því að tímaáætlun flytjanda stenst ekki taki jafnt til atvika þar sem brottfarartíma er flýtt eða honum er seinkað.

Hér er bersýnilega verið að vísa til EB reglugerðar nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður. Téd reglugerð hefur verið umdeild frá upphafi og hafa margir einkennilegar dómar fallið hjá Evrópudómstólnum er byggja á ákvæðum hennar. Þá hefur Flugmálastjórn fylgt í kjölfarið og skýrt ákvæði reglugerðarinnar í samræmi við úrlausnir Evrópudómstólsins. Icelandair ehf. mun fara með eina slíka ákvörðun Flugmálastjórnar fyrir dómstóla innan skamms en niðurstaða hennar, sem staðfest var af Innanríkisráðuneytinu, byggir á heldur framsækinni skýringu á ákvæðum reglugerðarinnar.

Sú breyting, sem lögð er til með 16. gr. frumvarpsins, er í sjálfu sér ekki ósanngjörn, þ.e. að sömu bætur skulu greiddar ef flugi er flýtt og ef því er seinkað. EB reglugerð nr. 261/2004 er hins vegar í endurskoðun innan Evrópusambandsins og því er ótækt að íslenskar reglur séu hertar á meðan stefnan er sett í gagnstæða átt í Evrópu. Slíkt gæti leitt til þess að strangari reglur giltu um íslenska flugrekendur, heldur en aðra, sem myndi gera samkeppnisstöðuna fyrir þá mun verri. Starfsmenn Icelandair Group hafa farið á fundi með fulltrúum Evrópusamandsins vegna umræddrar reglugerðar og af þeim er ljóst að menn höfðu ekki séð fyrir að tilvik, þar sem lofthelgi lokast og flug liggur niðri dögum saman, gætu haft alvarlegar afleiðingar í för með sér ef reglur sem þessar eru of strangar. Nærtækara væri að ákvæðum reglugerðarinnar, eins og hún er lögfest á Íslandi, yrði breytt enda hefur löggjafinn fullan rétt til slíks, án atbeina utanaðkomandi aðila, vegna meginreglunnar um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar í íslenskum rétti.


20. gr.


Með þessu ákvæði er lögð til aukin heimild til að innheimta gjald af flugrekendum vegna meðferðar kvartana hjá Flugmálastjórn.

Nú þegar eru lögð ótal gjöld og skattar á flugrekendur sem renna að sumu leyti til reksturs Flugmálastjórnar. Sú stefna, að seilast sífellt lengra í vasa flugrekanda með aukinni skattheimtu og gjaldtöku, gengur ekki upp til lengdar. Slík gjöld skila sér beint út í verðlagið og verða því á endanum greidd af neytendum.

Þar að auki er ekkert tekið fram um það í ákvæðinu að umrætt gjald verði endurgreitt ef ákvörðun Flugmálastjórnar er að öllu leyti flugrekanda í hag. Slíkt hlyti að teljast eðlilegt ef umrætt gjald verður lagt á.

Virðingarfyllst,
f.h. lögfræðisviðs Icelandair Group hf.



Davíð Þorláksson hdl. 
Yfirlögfræðingur